

FUNDARBOÐ til hluthafafundar Solid Clouds hf. þann 8. september 2023

Stjórn Solid Clouds hf. boðar til hluthafafundar föstudaginn, 8. september kl. 16:00 í aðalsal Arion Banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Tillaga um að hækka hlutafé

Í tengslum við ákvörðun stjórnar félagsins um að leita aukins hlutafjár með útgáfu nýs hlutafjár í útboði til hluthafa og annarra fjárfesta eru eftirfarandi tillögur lagðar fyrir hluthafafund:

- Lagt er til við hluthafafund félagsins að samþykkt verði að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 57.142.857 að nafnverði, á genginu 7,0 á hlut, með útgáfu nýrra hluta. Samtals getur áskriftarfjárhæð numið allt að kr. 400.000.000. Lagt er til að hluthafar falli frá forgangsrétti að hinu nýja hlutafé á grundvelli hækkunar. Lagt er til að hækkunin verði á grundvelli áskriftar í áskriftarskrá félagsins, en auglýst verður eftir áskrift hæfra fjárfesta og rennur áskriftarfrestur út 7. september 2023 og mun stjórn taka afstöðu til fenginna áskrifta þann 9. september 2023, að fengnu samþykki hluthafafundar til hækkunarinnar.
- Lagt er til við hluthafafund að stjórn félagsins verði veitt eftirfarandi heimild til hækkunar hlutafjár félagsins og á grundvelli samþykktar hluthafafundar verði hún færð sem 4. mgr. 4. gr. samþykktar félagsins:

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 28.571.429 að nafnverði, með gengi að lágmarki 7,0 á hlut. Hækkunarheimild samkvæmt þessu gildir til 31. desember 2024. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt að nýjum hlutum, útgefnum samkvæmt ákvæði þessu, heldur skal stjórn heimilt að selja þá hæfum fjárfestum. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum að öðru leyti gilda um nýja hluti vegna þessarar hækkunar og bera nýir hlutir réttindi í félaginu frá og með ákvörðun stjórnar um útgáfu þeirra, þó aldrei fyrr en hlutir eru að fullu greiddir. Hina nýju hluti skal greiða fyrir með reiðufé. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjárhækkun.

2. Önnur mál sem eru löglega borin fram

Önnur mál verða rædd ef hafa verið borin fram með lögsmætum hætti í samræmi við samþykktir félagsins.

Dagskrá fundarins, árshlutareikningur og önnur fundargögn verða aðgengileg á vefsetri félagsins, [Investors | Solid Clouds](#)
Reykjavík, 31. ágúst 2023

Fréttatilkynning
31 August 2023 22:57:00 GMT



Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við

Fjárfestatengsl:

Stefán Þór Björnsson

stefanbjo@solidclouds.com

Viðurkenndur ráðgjafi:

Arion banki, Erlendur Magnús Hjartarson

erlendur.hjartarson@arionbanki.is

Viðhengi

[FUNDARBOD til hluthafafundar Solid Clouds hf. þann 8. september 2023](#)